

126.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar 23.maí 2013 haldinn í Grunnskóla Stykkishólms kl. 17:30

Fundur settur kl. 17.30.

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, fulltrúi, Sigurður A. Þórarinnsson fulltrúi, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans, Sólbjört Sigríður Gestsdóttir fulltrúi starfsfólks leiksskólans, Steinunn María Þórsdóttir fulltrúi foreldrafélag leikskólans Hrefna Frímansdóttir, og Haukur Garðarsson fulltrúi.

Formaður býður nýjan nefndarmann, Hjörleif Kristinn Hjörleifsson velkominn

1. Skýrsla skólastjóra GSS

a) Skólalok 2012 – 2013

Gott skólaár er á enda. Mikið hefur þó verið um veikindi að undanfögnu en verður vonandi góður námsárangur í komandi prófum.

Heilsuvikan var sett af stað á vegum Stykkishólmsbæjar og tók GSS virkan þátt í því og höfðu allir mjög gaman að því.

Heimsókn frá Kolding lokið og stuttar ferðir nemenda í næsta nágrenni og í Flatey framundan.

Innleiðing aðalnámskrá er framundan. Í næstu viku munu skólastjórar sitja námskeið vegna innleiðingar nýrrar aðalnámsskrár.

Skólaráð hefur haldið sína fundi samkvæmt starfsáætlun (sjá fundargerðir á heimasíðu). Sterkur hópur sem lofar góður þar á ferð.

b) Næsta skólaár 2013 – 2014

➤ Skóladagatal

Skóladagatali dreift til nefndarmanna og skólastjóri fór yfir það. Þemadagar hafa verið settir inn í aprílmánuði, kynntir verður nánar í haust með hvaða hætti þeir verða. Skólaárinu verður skipt í þrjár annir eins og hefur verið undanfarið. Skóladagatal hefur verið samþykkt af kennarafundi og skólaráði. Þemadagar hafa ekki verið kynntir á kennarafundi

Hjörleifur vísar af fundi til að fara á bæjarstjórnarfund.

Umræða um hvort að búið sé að samræma starfsdaga á milli grunnskóla og leikskóla. Skólastjórar hafa fundað um málið. Sameiginlegir starfsdagar verða þrír. Umræða um reynsluna af því að hafa starfsdaga við helgar (lengri helgar)

Umræða um þriggja anna kerfið, fókus nemenda á vorin þegar veður verða góð og tímasetningu á þemadögum, hafa breyttar áherslur á vorin og gera meira úr þemadögum og gefa einkunn fyrir þá.

➤ **Ráðningamál**

Kennaramál:

Samþykktar umsóknir um launalaus leyfi fyrir Söru Sædal og Elínu Kristinsdóttur, þá hafa Sigurborg Sturludóttir og Sólrún Una Júlíusdóttir sagt upp stöðum sínum.

Umsókn frá Örnú Sædal sem kennara hefur verið móttækin og verður farið yfir hana á næstunni.

Unnið að innri skipulagsmálum vegna sérkennslu en aðeins ein fyrirspurn kom vegna auglýsingar um sérkennara sem ekki fór lengra. Skólastjóri hefur því leyst málið innanhúss, samið við Sesselju Kristinsdóttur kennara um að breyta til á komandi starfsári. Þ.e. verkefnastjóri í 50%. Þá verða einnig ýmsar minni skipulagsbreytingar á kennarahópnum þ.e. á milli svæða. Farið var lauslega yfir starfslýsingu fyrir deildarstjóra sérkennslu sem var látið ganga á fundarmenn. Umræða um stöðugildi í GSS á síðasta og næsta ári.

Auglýst í Stykkishólmspóstinum í dag eftir skólaliða í 50% annars vegar og stuðningsfulltrúi í 67% hins vegar.

➤ **Skipulagsmál**

Fyrsti og annar bekkur verður í samkennslu áfram í stofu 12, þar verður heilsdagsskólinn líka. Reynslan af því að hafa þessa bekki saman er góð og fjöldi í bekkjunum hentar mjög vel fyrir þetta á næsta ári. Ný húsgögn verða keypt í mötuneytið og bestu stólarnir og borðin þaðan flutt á önnur svæði.

c) **Framkvæmdir við GSS**

Vinna við skólalóðina hefst fljótlega eftir skólaslit. Byrjað verður á suðursvæðinu sem er eðlilegt þannig að ekki þurfi að aka yfir svæði á stórvirkum vinnuvélum sem nýbúið er að gera. Mikil spenna er fyrir þessu verkefni.

d) **Önnur mál !**

Fyrirspurn um leyfi nema og kennara á skólatíma.

Fyrirspurn um umbótaáætlun vegna úttektar í fyrra. Sú vinna er að fara í gang og er áður nefnt námskeið í Borgarnesi hluti af því. Stefnt verður að því að hafa fund með stjórnendum GSS og skólanefnd um umbótaáætlun þegar hægt er og stefnt er að því að hafa þann fund í júní.

2. Skýrsla leikskóla

- a) Vegna veikinda er launaliður að verða hærri en áætlun gerði ráð fyrir
- b) Skóladagatal er ekki enn tilbúið og á því eftir að kynna það skólaráði. Það verður lagt fram á næsta fundi skólanefndar.
- c) Undirbúningur fyrir útskrift elstu barna er í hámarki þessa dagana. Þau fóru í fjallgöngu í gær og eru að æfa skuggaleikhús sem þau sýna fyrir foreldra og aðra gesti á útskriftinni sem er 29. maí kl 18:00.
- d) Elísabet Björgvinsdóttir og Sigrún Þórsteinsdóttir fara á vinnustofu í Borgarnesi 27. maí þar sem verður farið innleiðingu á nýrri aðalnámsskrá. Þetta er samstarfsverkefni ýmissa aðila eins og H.Í, samband ísl. Sveitarfélaga og stjórnendafélaganna innan K.Í.
- e) Ásta talmeinafræðingur er búin að klára veturinn hér og hefur verið endurráðin.
- f) Ekki er búíð að ráða fyrir Ingu sálfræðing en hún kemur ekki fleiri ferðir í leikskólann.
- g) Frá síðasta fundi erum við búnar að hafa opið hús sem tókst mjög vel og margir sem komu til okkar. Einnig erum við búnar að fá heimsókn úr Tónlistarskólanum frá litlu lúðró og einnig heimsóttu okkur nokkrir gítarleikarar. Josie, móðir tveggja barna hjá okkur, kom og kenndi okkur að steypa kerti.
- h) Foreldrarviðtöl gengu vel, flest allir mæta í þessi viðtöl.
- i) Við fengum ekki úthlutað úr Sprotasjóði en við höldum áfram með verkefnið okkar í samstarfi við Önnu-Lind Pétursdóttur og kemur hún á starfsdegi 11. október.
- j) Næsti starfsdagur verður fimmtudaginn 30. maí frá 12:00 – 16:00. Þá kemur Þorbergur Bæringsson frá slökkviliðinu og fer yfir brunavarnir ofl. Svo verða starfsmannafundur deildarfundir í lok dags.

- k) Hér hefur verið lús að hrella okkur seinni part vetrar en með samstilltu átaki foreldra og starfsmanna tókst okkur að útrýma henni. (7, 9, 13 ☺)
- l) Ingibjörg Ólafsdóttir hættir hér í leikskólanum 31. maí eftir áratuga starf.
- m) Við erum að skoða starfsmannamál fyrir næsta vetur en Sigurlín Sumarliðadóttir hættir um sumarfrí, Aþena Eydís Kolbeinsdóttir hættir einnig um sumarfrí en Sara Diljá kemur ekki úr fæðingarorlofi fyrr en seinna í haust.
- n) Nokkrir foreldrar hafa nýtt sér að taka lengra sumarfrí fyrir börnin og í byrjun júní færum við eldri börnin á milli deilda og tökum þrjú börn í aðlögun á Vík. Næstu aðlaganir verða svo í ágúst. Komið er aðlögunaráætlun fyrir alla sem hafa sótt um.
- o) Halda á fund leikskólastjóra og stjórn félags- og skólaþjónustunnar á næstunni um að skólaþjónustan ráði starfsmann sem einbeitir sér sérstaklega að leikskólanum.
- p) Umræða um betri þjónustu fyrir tvítýngd börn til að hjálpa þeim að ná betri tökum á íslenskunni.
- q) Umræða um tölvumál leikskólans sem er mjög bagaleg. Kaupa þarf nýjar tölvur og prentara sem allra fyrst.

3. Önnur mál

10 bekkur á ekki lengur möguleika á að taka ensku og stærðfræði í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Ástæðan er sú að ekki fæst fjármagn fyrir þetta þar sem að þetta telst ekki til eininga fyrir fjölbrautarskólann.

GSS tekur þátt í hreinsunardeginum á morgun. GSS hefur gert þetta undanfarin ár. Hópnum er skipt niður á svæði og í lok dagsins er haldin smá veisla.

Innritunarreglur fyrir leikskóla hafa verið samþykktar í bæjarstjórn.

Fundi slitið kl. 18:58

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),

Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, (sign),

Haukur Garðarsson, fulltrúi, (sign),

Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),

Steinunn María Þórsdóttir, fulltrúi foreldrafélags leikskóla, (sign),

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, fulltrú starfsfólks leikskóla, (sign),

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, (sign)

Hrefna Frímansdóttir, fulltrúi, (sign).